



## Erindisbréf skóla-, íþróttá- og tómsundaneftdar

### 1. gr.

#### Stjórnskipuleg staða

Skóla-, íþróttá- og tómsundaneftnd heyrir beint undir bæjarstjórn. Skóla-, íþróttá- og tómsundaneftnd starfar á skóla- og tómsundasviði.

Sviðsstjóri á skóla- og tómsundasviði er starfsmaður skóla-, íþróttá- og tómsundaneftndar, en auk þess starfar með nefndinni skóla- og sérkennslufulltrúi skóla- og tómsundasviðs, auk annarra starfsmanna eftir atvikum.

Auk kjörinna fulltrúa eiga bæjarstjóri og sviðsstjóri skóla- og tómsundasviðs rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt, auk fulltrúa kennara, skólastjóra, foreldra barna í grunn- og leikskóla, fulltrúa Héraðssambands Vestfirðinga og fulltrúa félagsmiðstöðva.

### 2. gr.

#### Skipan nefndarinnar

Bæjarstjórn kys fimm fulltrúa og fimm til vara, skv. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 34. og 48. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar.

Kjósá skal í skóla-, íþróttá- og tómsundaneftnd á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar, eða við stofnun nefndarinnar, og er kjörtímabilið það sama og sveitarstjórnar. Bæjarstjórn kys formann og varamann skóla-, íþróttá- og tómsundaneftndar.

### 3. gr.

#### Hlutverk og verkefni

Skóla-, íþróttá- og tómsundaneftnd fer með málefni leikskóla samkvæmt leikskólalögum nr. 90/2008, grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008, og tónlistarskóla samkvæmt lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samstarfssamningum sem gilda um rekstur tónlistarskóla hverju sinni. Einnig fer nefndin með málefni framhaldsskóla samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 92/2008 og samstarfssamningum sem gilda um rekstur framhaldsskóla hverju sinni.

Þá fer nefndin með verkefni íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu, þar með talið eftirlit með íþróttamannvirkjum en þau eru rekin af Eignasjóði, málefni félagsmiðstöðva og vinnuskóla. Nefndin skal stuðla að samstarfi í íþróttamálum m.a. með nánu samstarfi við Héraðssamband Vestfirðinga.

Skóla-, íþróttá- og tómsundaneftnd hefur eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum ná fram að ganga, og gerir tillögur um úrbætur í þeirri starfsemi sem undir nefndina heyrir. Nefndin hefur umsjón með þeim stofnunum sem undir nefndina heyra, þ.e. leikskóla, grunnskóla, íþróttamiðstöðva, íþróttavalla, skíðasvæða, vinnuskóla og félagsmiðstöðva, og gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þessara stofnana og í skóla-, íþróttá- og tómsundamálum almennt.

Meginhlutverk nefndarinn er stefnumótun, markmiðasetning og ráðgjöf til bæjarstjórnar, en í minna mæli afgreiðsla einstakra mála. Nefndin setur forstöðumönnum og starfsmönnum þeirra stofnana sem undir nefndina heyra starfsreglur um afgreiðslu samsvarandi mála.

#### **4. gr.**

##### **Starfshættir**

Um starfshætti skóla-, íprótta- og tómstundanefndar, fundi, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði IV. og VI. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Skóla-, íprótta- og tómstundanefnd kemur saman fyrir luktum dyrum, að jafnaði tvisvar sinnum í mánuði. Aukafundi skal halda ef a.m.k. þrír nefndarmenn óska þess.

Skóla- og sérkennslufulltrúi skóla- og tómstundasviðs er ritari nefndarinnar, en nefndin getur auk þess ráðið sér fundarritara í hans forföllum. Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. ákvæði í 16. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Starfsmaður nefndar sér um undirbúning og boðun funda í samráði við formann nefndarinnar. Fundarboðun skal vera með tölvupósti og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð ásamt gögnum sem fyrir liggja um þau mál sem taka á fyrir skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar og sér um að allt fari löglega fram á fundum þess. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

#### **5. gr.**

##### **Afgreiðsla mála**

Skóla-, íprótta- og tómstundanefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Nefndinni er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema lög kveði á um að það skuli afgreitt fyrir tiltekinn tíma. Þá er nefndinni heimilt að fela starfsmanni að vinna frekar að úrlausn tiltekins mál og leggja aftur fyrir nefndina til afgreiðslu.

Fulltrúi nefndarinnar á rétt á því að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem er til meðferðar í nefndinni.

Skóla-, íprótta- og tómstundanefnd er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli nefndarmanna eða við starfsmann um slíka afgreiðslu. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi lögum og reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.

#### **6. gr**

##### **Réttindi og skyldur**

Um réttindi og skyldur fulltrúa í skóla-, íprótta- og tómstundanefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og IV. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Fulltrúa er skylt að boða varmann í forföllum sínum og tilkynna það starfsmanni nefndar. Heimilt að taka þátt í fundi með rafhættum, séu fulltrúi staddir í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til starfsmann nefndarinnar fyrir fundarboðun.

Fulltrúar í skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd skulu hafa hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

## **7. gr.**

### **Lög og reglugerðir**

Í störfum sínum skal skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um starfssvið þess gilda hverju sinni.

Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar eins og hún er hverju sinni og svo og ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

## **8. gr.**

### **Gildistaka**

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 7. desember 2023 með vísan til 48. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og tekur þegar gildi. Gildir erindisbréf þetta þar til annað kann að vera ákveðið.

Ísafirði, 7. desember 2023

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri